

Alþingi
Erindi nr. **D** 135 / 2072
komudagur 9.4.2008

FLJÓTSDALSHREPPUR
Végarði · 701 Egilsstaðir
Sími og fax 471 1810
Netfang: fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is
Veffang: www.fljotsdalur.is
Kl. 550169-5359

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Végarði 8. apríl 2008

Efni: Umsagnir Fljótsdalshrepps um skipulagslög, 374 mál og mannvirkjalög, 375 mál.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir sig andvíga öllum hugmyndum um að skipulagsvald verði flutt frá sveitarfélögum til ríkisvaldsins með þeim hætti sem frumvarp um skipulagslög gerir ráð fyrir.

Enn fremur telur sveitarstjórn á í því frumvarpi og einnig í frumvarpi um mannvirkjalög sé á ýmsan hátt ráðist til atlögu við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og hvetur þingmenn til að horfa gagnrýnum augum á ýmsar greinar frumvarpanna er lúta að slíkum hugmyndum.

Virðingarfyllst
f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,


ODDVITI
Fljótsdalshrepps

Hér meðfylgjandi eru umsagnir sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps um skipulagslög, 374 mál og mannvirkjalög, mál 375.

Umsögn Fljótsdalshrepps um skipulagslög, 374 mál.

1. Landsskipulag.

Með vísan til þess að ekki er um skipulag að ræða sem standa á jafnfæti aðal-svæðis-og deiliskipulögum er lögð áhersla á að heiti **landsskipulags** verði breytt og verði notast við orðið **landsskipulagsstefna**.

Mjög nauðsynlegt er að afmarka miklu skýrar en gert er í frumvarpinu hvert geti orðið viðfangsefni landsskipulags á hverjum tíma. og afar mikilvægt er að ljóst sé hvernig landsskipulagi verður beitt.

Að mati sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps á landsskipulagsstefna ekki að vera annað en vettvangur til að setja fram ákveðna heildarhugsun eða leiðarljós um áherslur í skipulagsmálum fyrir landið í heild og til að ná fram samræmingu með tilliti til almannahagsmuna. Landsskipulag má ekki verða leið til að takmarka skipulagsvald sveitarfélaga.

Það er álit sveitarstjórnar að ekki sé eðlilegt, né heldur æskilegt að kveðið verði í lögum á um að landsskipulagsáætlanir séu réttærri en aðrar skipulagsáætlanir, nægjanlegt sé að ríkisvaldið setji fram landsskipulagsstefnu

Aðeins í undantekningartilvikum ætti að koma til þess að endurskoða þurfi aðalskipulög sveitarfélaga með hliðsjón af landsskipulagi á hverjum tíma, þar sem slíkt dregur úr gildi aðalskipulaga sveitarfélaga..

a. Ákvæði um svæðisskipulag eru verulega breytt frá gildandi lögum sem vekur m.a. spurningar um réttæð skipulagsáætla, þ.e. hvort eðlilegt sé að kveða svo afdráttarlaust á, líkt og gert er í 7. mgr. 12. gr. frumvarpsins, um að svæðisskipulag sé réttærra en aðalskipulag.

b. Samvinnunefnd miðhálandisins verður lögð niður en nokkur óvissa er er um hvernig skipulagi á miðhálandinu verður háttað verði frumvarpið að lögum. Samkvæmt lögum skiptist landið allt í sveitarfélög og er allt land innan marka sveitarfélaga skipulagsskyt. Mat sveitarstjórnar er að alls ekki sé sjálfgefið að ríkið eigi að hafa meiri áhrif á skipulagsákvæðanir á miðhálandinu en annars staðar á landinu.

Um 34. gr. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur andmælt því nýmæli sem fram kemur í 4. mgr. 34. gr. að ráðherra fái vald til að kveða upp bindandi úrskurð í ágreiningsmálum milli sveitarfélaga.

Um 42. gr. Æskilegt er að einfalda meira afgreiðslu deiliskipulagsáætla en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það væri gert með því að fela sveitarstjórn að afgreiða deiliskipulag endanlega og deiliskipulag yrði aðeins sent Skipulagsstofnun til kynningar. Slík breyting gæti styt skipulagsferlið verulega.

Um 53. gr. Þar í 4. mgr. er að finna afar umdeilt nýmæli um að Skipulagsstofnun geti gripið fram fyrir hendur sveitarstjórna með því að stöðva framkvæmdir. Skýra þarf ákvæðið afar þröngt og liggja þarf ljóst fyrir hvaða úrræði sveitarstjórn eða málsaðilar eiga ef stofnunin ákveður að beita þeirri heimild.

Sveitarstjórn andmælir hvernig heimila á Skipulagsstofnun að grípa inn í stjórnsýslu hlutaðeigandi sveitarfélags og telur að með því sé verið að lýsa yfir vanrausti á stjórnsýslu sveitarfélaga.